



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	MAR22060103 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og breytingar á lögum um fiskveiðar (aflvísar og orkuskipti.).
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Matvælaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	17.8.2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Með lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er mælt fyrir skilyrði sem varða heimildir smærri togskipa til veiða innan 12 mílna beltis fiskveiðilandhelginnar, m.a. um hámarkslengd og vélar afl. Vélar afl er mælt í reiknuðum aflvísi þ.e. margfeldi af hestöflum aðalvélar og þvermáli skrófu viðkomandi skips. Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á þessum reglum hvað varðar svonefnda aflvísa í því skyni að greiða fyrir orkuskiptum og þá sérstaklega notkun tvíorkuskipa í fiskveiðum.

Í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er sett stærðartakmörkun á báta til þess að þeir geti öðlast veiðileyfi með krókaaflamark. Fyrirhugað er að leggja til lagabreytingu þess efnis að bátar sem nota vistvæna orkugjafa hafi heimild til að vera stærri en gildandi lög setja takmörkun um, þar sem slíkir bátar gera kröfu um aukið rými fyrir orkuinnihald, þ.e. stærri tanka eða rými fyrir rafhlöðu.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með auknum kröfum um að draga úr olíunotkun fiskiskipa hefur bæði verið horft til breytinga á skipsskrokknum og stærð skrófu. Með því að stækka skrófu samfara hægðengari vél hefur náðst umtalsverður árangur í olíusparnaði. Stærri skrófa (aukið þvermál) þýðir hækkaðan aflvísi, sem leiðir til þess að óbreyttu að heimildir smærri togskipa til veiða innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar skerðast. Þá hafa stærðartakmarkanir áhrif á upptöku nýrra orkugjafa á krókaaflamarksbátum og er því fyrirhugað að leggja til heimildir fyrir því að slíkir bátar verði stærri séu þeir knúnir áfram af vistvænum orkugjöfum. Einnig þarf að huga að öryggi áhafnar ef notast er við mjög eldfíman orkugjafa.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Vísast til tl. 2.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Fyrirhugað frumvarp er á málefnasviði 13 – Sjávarútvegur og fiskeldi og fellur undir málaflokk 13.10. Frumvarpið fellur vel að meginmarkmiðum málefnasviðsins, þ.e. að tryggja að íslenskur sjávarútvegur verði áfram í fremstu röð á alþjóðavísu og sjálfbær auðlindanýting og verðmætasköpun. Í stjórnarsáttmála er lýst yfir að loftslagsmál verði sett í forgang. Lögð verði áhersla á markvissar og metnaðarfullar aðgerðir til að draga úr losun vegna landnotkunar og hraða orkuskiptum á öllum sviðum. Markmiðið verði að Ísland nái kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum eigi síðar en árið 2040 og verði þá óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Markmiðið með fyrirhugaðri lagasetningu er að stuðla að framþróun og nýjungum í hönnun og smíði fiskiskipa, þar sem haft verði að leiðarljósi að draga úr notkun díselolíu sem orkugjafa.
C. Leiðir 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandshelgi Íslands, um heimildir til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærð skipa og aflvísa þeirra og ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 116/2006 setja takmarkanir við stærð krókaaflamarksbáta. Tækifæri eru til staðar til að draga úr losun gróðurhúslofttegund umræddra skipa en slíkar breytingar munu hafa í för með sér breytingar á annars vegar aflvísi og hins vegar stærð bátanna, sem gera það að verkum að umrædd skip uppfylla ekki skilyrði ákvæða laganna. Er því fyrirhugað að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á umræddum ákvæðum laganna til að fella brott skilyrði laganna um aflvísi og veita undanþáguheimild frá stærðartakmörkunum fyrir þá báta sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Ákvæði laganna hvað varðar aflvísi og stærðartakmarkanir eru það afgerandi að önnur úrræði s.s. setning reglugerðar kemur ekki til álita. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Þær leiðir sem færar eru til að ná settu markmiði við umrædda lagasetningu eru annars vegar að fella brott viðmið aflvísa og stærðartakmarkana eða setja fram heimild til undanþágu frá ákvæðunum. Fyrri leiðin er talin einfaldari og auðveldari í framkvæmd þar sem síðari leiðin krefst mats stjórnvalda á hvort veita eigi undanþágur.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Ákvæði gílandi laga um aflvísi og stærðartakmarkanir hafa afgerandi áhrif á heimildir þeirra skipa sem hyggjast ráðast í breytingar á vélbúnaði skipa til að draga úr losun gróðurhúsalofttegund og er því fyrirhugað að leggja til lagabreytingu sem hefur þau áhrif að heimildir umræddra skipa til veiða haldast óbreyttar við fyrrgreindar breytingar með samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda að markmiði. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Ákvæði 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandshelgi Íslands og stærðartakmarkanir í 2. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða fyrir krókaveiðibáta sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum verði felld brott.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Þeir aðilar sem reka skip og hyggjast gera breytingar á skrufustærð skipsins með það að markmiði að draga úr olíunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda sem og hluti krókaveiðisjómannanna 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Samráð ekki farið fram. 4. Fyrirhugað samráð.

Áform um lagasetningu verða birt í samráðsgátt stjórnvalda sem og frumvarp til laga, þegar það liggur fyrir.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Engar breytingar verða á fjárhag ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum, hvorki á tekjur, útgjöld, eignir né aðra áhrifaþætti.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ekki þörf á fresti til innleiðingar. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Fjöldi skipa sem notuð verða með hagkvæmari olíunotkun. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Nei.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum